Guðrún Fjeldsted

Hefur verið dyggur félagsmaður í Félagi tamningamanna í áratugi og einn af ötulustu reiðkennurum landsins. Hún er enn á fullu við kennslu ungra knapa og starfaði m.a. í Fáki í 8 ár. Var í fjórðungsmótanefnd á tímabili, formaður Faxa um árabil og hefur verið ötul á keppnisvellinum frá unga aldri. Guðrún hefur setið í Reiðveganefnd LH sem og Æskulýðsnefnd LH. Guðrún Fjeldsted hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.